



## Um MARKÚS ÍVARSSON í Héðni

**Stundum gerði hann við skipsskrúfur í kafi á þann hátt að hann kafaði án þess að vera í kafarabúningi, en lét menn halda í lappirnar á sér og gaf merki með fætinum, þegar hann var orðinn loftlaus og þá var honum kippt upp.**

Framhald af bls. 11.

*undantekning. Honum féll ekki að vinna með þeim, sem voru deigir við verk. Hann trúði því alltaf stöðugt, að það, sem hann tæki sér fyrir hendur, smátt eða stórt, það myndi heppnast, og hann kaus, að þeir, sem með honum unnu, væru á sömu skoðun.*

Fyrirtækið óx í höndum Bjarna og Markúsar. Dugnaður og áræði þeirra var mikið og samstarf þeirra gott. Þeir voru ekki aðeins húsbændur og stjórnendur starfsmanna sinna, heldur einnig vinir þeirra, félagar og stuðningsmenn.

Þegar Markús kvæntist, langaði hann til að eignast hús. Hitti hann gamlan vin sinn, sem kominn var í efni og bauð sá honum peninga að láni til að kaupa hús það, sem þá var Túngata 48, og mælti um leið: „Ég held að þú eigir það inni hjá mér fyrir allan þvottinn, sem þú hefur þvegið fyrir mig.“ Þeir höfðu verið saman á sjónum, Markús og þessi vinur hans og kom nú í ljós það, sem fyrr var frá sagt, að vinir hans voru honum þakklátir fyrir, hversu oft hann skolaði úr plöggum þeirra og guldú honum fegnir greiddann síðar.

Þegar þeir stofnsettu smiðjuna, Bjarni og Markús, þurftu þeir á peningum að halda. Hafði Markús þá makaskipti á eignum við Guðrúnu, ekkju Bjarnhéðins. Fluttist hún að Túngötu 48 en Markús þess í stað í lítið húsnæði, sem var fyrir ofan vélsmiðjuna í Aðalstræti. Má geta nærri, hvort það hafa ekki verið viðbrögð fyrir Kristínu, konu hans, að flytjast úr heilu húsi í litla íbúð, þar sem hávaðinn frá vélunum glumdi í eyrum frá því eldsnemma á

morgnana. En Kristín hafði sagt, að þá fyrsti brygði henni, þegar dynurinn hljóðnaði seint á kvöldin.

Fyrstu árin voru meginverkefni smiðjunnar véla- og skipaviðgerðir, aðallega á botnvörpungum. Vandkvæði voru þó mikil á slíkum viðgerðum, því að engin dráttarbraut var til í landinu þar sem unnt væri að taka skipin á þurrt.

Öll verk voru unnin í fjörunni við gömlu steinbryggjuna neðan við Eimskipafélags-húsið (Bæjarbryggjuna), eða við Hauksbryggju, neðan við þar sem Stálsmiðjan stendur nú. Var lagt kapp á að ljúka viðgerð á einni fjöru, væri þess nokkur kostur. Einn flotprammi var hafður á hvorri síðu skipsins. Hækkuðu þeir og lækkuðu eftir flóði og fjöru og möruðu oft í hálfu kafi. Stóðu menn þá upp í hné í sjó og voru gegnblautir við störf sín. Geta má nærri, hvort það hefur ekki oft verið æði kalsamt.

Þung stykki voru hífd til og frá með handafli. Þyrfti að gera við þau í smiðjunni voru þau flutt á handvögnum þangað. Mun þá oft hafa reynt bæði á menn og handvagna og brakað og brostið í báðum. Liðléttingar dugðu illa til þessara starfa.

### Kafaði og hélt bara niðri í sér andanum við viðgerðina

Eitt sinn var tekinn upp togari sem misst hafði skrúfuna. Hraða þurfti verkinu og var viðgerð ekki að fullu lokið, þegar farið var að flæða. Átti eftir að koma rónni á skrúfunu. Voru nú góð ráð dýr. Markús vildi ljúka viðgerðinni, en engin leið var fær

## Þið segið mig týndan

Framhald af bls. 5

Stefánssonar þagnaði. Síðustu ljóð hans hlutu daufar undirtektir og áhugi fyrir skáldskap hans hefur dvínað á tímum andlegrar meðalmennsku og ekki síður vegna pólitískrar gjörningastórhriðar á vettvangi menningar og lista. Þegar fyrir andlát Davíðs var að honum vegið með illkvittni. Steinn Steinarr, sem nefndur hefur verið „einn af völlum íslenskrar ljóðagerðar“ (á það ber engar bríður, enda met ég skáldskap hans mikils), skrifaði árið 1952: „Okkur hefur einnig verið kennt það, að Davíð frá Fagraslógi sé mest núlifandi skáld íslensku þjóðarinnar. Það má vel vera, að svo sé, en þá vil ég leyfa mér að fullyrða það, að hinir séu býsna lélegir. Og sé nokkur einstakur maður ábyrgur fyrir eynd og niðurlægingu kveðskaparins á seinustu 20—30 árum, þá er það hann. Ekkert þjóðskáld annað hefur flutt með sér inn í listina svo billegan og forheimskandi áslátt.“

Þegar ég var á ferð með Kristjáni skáldi frá Djúpalæk fyrir nokkrum árum og spurði hann um kynni hans af Steini, svaraði hann: „Það voru ekki uppörvandi kynni, því ég felli mig illa við menn, sem leggja engum gott til. Ég held honum hafi þótt lítið til allra íslenskra skálda koma, nema þá eins.“

Það er vitað, að Steinn Steinarr varð nokkurs konar véfrétt ungra bókmenntamanna, en ég er sannfærður um, að hann hefur verið jafn varhugaverð véfrétt og hann var merkilegt og frumlegt ljóðskáld. Þess galt Davíð Stefánsson og þeirra sterku strauma í þjóðfélaginu, sem ekkert virtist heilagt. Hinn „billegi og forheimskandi ásláttur“, sem Steinn sagði einkenna kveðskap Davíðs, er án efa og ekki síst sá einlægi trúartónn, sem sífellt varð sterkari og hreinni, þegar á ævi skáldsins leið. Sá tónn var ekki með „neikvæðu forteikni“ eins og glöggur bókmenntafræðingur, Kristján Karlsson, komst að orði um þau ljóð Steins, sem viku að kristinni trú, en að mati fræðimannsins, þá „orti Steinn meiri raunverulega goðgá en nokkurt annað íslenskt skáld“. Og hér merkir hugtakið goðgá afneitun trúarinnar. En ég er einnig sammála Kristjáni Karlssyni, er hann segir: „Eins og hinir kristnu fæður vissu, er hinn fullkomni afneitari nær sannri trú, en sá sem gerir hvorki að játa né neita.“ Ekkert hefur verið kristinni kirkju meira farg á umliðnum árum, en hálfvelgjan og afskiptaleysið. Þau hafa ósjaldan svæft prestana.

Skáldið frá Fagraslógi mælti sannarlega spámannleg orð í stofu séra Matthíasar á Sigurhæðum, þegar það kvað þjóðina fegna þögninni. Það er dapurlegt við þessa framvindu, að kristin kirkja virðist varla hafa gert sér nægilega ljósa grein fyrir því, að Davíð

Stefánsson varð, er á ævina leið, það skáld, sem studdi boðskap hennar best. Stefna hans í trúarefnum varð sífellt markvísari og í meira samræmi við þá trúfræðistefnu, sem hefur sett mót á boðun kirkjunnar hin síðari ár. Bækurnar Mælt mál og Síðustu ljóð eru ótvíræð sönnun þess og gera jafnframt skiljanlega þá afstöðu efasemdanna og hálfvolgra, sem leggja sig fram um að umlykja skáldið þögninni miklu. Í Síðustu ljóðum er að finna kvæði, sem hann nefnir „Þið segið mig týndan“. Í því birtist grunurinn um það tómlæti, sem hann fann nálgast eins og nístandi næturfrost:

„Þið segið mig týndan og tröllum gefinn og talinn með dauðum sálum.  
Rétt er það, að fátt er mér fjær en fylgja ykkur að málum.“

Síðar segir í ljóðinu:

„Meðan þið rifust um brauðið og beinin og blekktuð æskunnar siði,  
var ég að nema þann blessaða boðskap sem beinist að þögn og friði.“

Það er glögg, að frelsi og eilífðargildi friðþægingar Krists, varð sterkasti þátturinn í trú Davíðs, þegar ævidegi hans hallaði. Bendir margt til þess. Í fyrrgreindu ljóði nefnir hann sig gest í Getsemane. Líkt og séra Hallgrím, fýsir hann að fylgja krossferli Krists. „Ég vil taka á mig krossberans kvöl, ég vil krjúpa og biðja um grið.“

segir í trúarljóði, sem Davíð þýddi eða endurkvað og gat ómögulega verið andstætt skoðunum hans. Til þess var hann of heill. En hann hefur haft sterka tilfinningu (sem séra Hallgrímur hefur naumast þekkt) fyrir því, hvaða fyrirlitningu þetta viðhorf gat bakað honum í samfélagi samtímans, og þá ekki síst á meðal lista- og menningarvita. Þessa tilfinningu birtir ljóðið „Þið segið mig týndan“:

„Meðan þið skreyttuð höfðingjahópinn sem hetjur furstans og vinir,  
var ég gestur í Getsemane og gleymdist þar — eins og hinir.“

Nú vitið þið hvar ég hef verið, bræður, og víst er mér fátt að meini.  
En hitt er rétt, að ég heillast ekki að hjörtum — gerðum úr steini.“

Davíð Stefánsson nam ekki staðar við þögnina miklu í ræðu sinni á Sigurhæðum. Trú hans á manndóm Íslendinga var ekki kulnuð og af bjartsýni trúmannsins bætti hann við: „En í fyllingu tímans rís minning skáldsins upp úr þögninni, tónar þess enduróma í sál og hjarta þjóðarinnar, en fjöll og hálsar bergmála. Skáldið hefur sannað mátt sinn og snilli. Ljóð þess eru ekki lengur dauður bókstafur, heldur lifandi, endurborinn óður, sem berst um landið á hvítum vængjum.“ Þannig mælti sá, sem forðum orti Svartar fjaðrir og hreif þessa þjóð.

**Bolli Gústavsson,  
í Laufási.**